

Kennsluáætlun í reikningi og talnalæsi - 2.bekkur 2025-2026

Waldorfskólinn Sólstafr

Kennari: Guðbrandur Bragason

Kennsla í reikningi / talnalæsi fer fram í lotum í aðalkennslu (sjá lotur á stundaskrá) ásamt tveimur kennslustundum í viku hverri.

Kennsluaðferðir og efni:

Unnið með frásagnarformið, sögur og ævintýri.

Unnið með rythmatalningu með handaklappi og fótastappi. Lært í gegnum leiki og spil. Teningar, spilastokkar, steinar og annar náttúrulegur efniviður nýttur.

Við vinnum einnig með Sprota 2a á haustönn og Sprota 2b á vorönn.

Markmið:

Að nemendur

- læri að telja og þekkja tölur, bæði rómversku og arabísku
- læri að telja upp í 100 og afturábak frá 20
- þekki oddatölur og sléttar tölur
- læri að telja annan hvern tölustaf, þriðja hvern og fjórða hvern
- hafi raunhæfan skilning á hvað liggur að baki hverrar tölu
- þekki reikningsaðferðirnar fjórar, plús, mínus, margföldun og deilingu
- geti leyst einföld hugareikningsdæmi
- hafi skilning á hvernig árið raðast niður í tímaeiningar, mánuðir, vikur, dagar osfrv.
- skilji muninn á einingum, tugum og hundruðum

Námsmat:

Virkni og þátttaka í tímum.

Vinnubrögð og frágangur.

Talnaskilningur.

Samskipti við samnemendur, kennara og skólaliða.

Sjá má hæfniviðmið á vefsíðu skólans: waldorf.is